


---

# Húsnæðismál bæjarskrifstofa Kópavogsbæjar

Rýnifundur íbúa

---

capacent



## Um verkefnið

Rýnifundurinn fór fram miðvikudaginn 13. janúar 2016 kl. 16 í húsakynnum Kópavogsbæjar, Fannborg 2.

Þátttakendur voru beðnir um að taka þátt í kynningarfundum um tiltekið málefni Kópavogsbæjar og taka þátt í umræðum um afmarkaðar spurningar að henni lokinni. Við boðun var ekki tekið fram hvert viðfangsefnið væri.

### Öflun þátttakenda

- Dregið var 290 manna tilviljunarkennt slembiúrtak Kópavogsbúa á aldrinum 18-75 ár úr þjóðskrá.
- Listi yfir starfsmenn stjórnarsýslu Kópavogsbæjar var samkeyrður við úrtakið og þeir 7 starfsmenn sem voru í úrtakinu teknir úr því.
- Úrtakinu var skipað niður í 5 aldursbil og það markmið sett að að afla fjögurra kvenna og fjögurra kalla á hverju aldursbili (alls 40 manns)
- Gert var ráð fyrir brottfalli, þ.e. reynt var að tryggja að a.m.k. 3 einstaklinga á hverju aldursbili af hvoru kyni mætti í verkefnið (alls 30 manns).
- Haft var samband við fólk í gegnum síma, eftir því hvernig þau röðuðust í úrtakið.
- Símanúmer fengust ekki úr þjóðskrá og þeirra var því aflað af Já.is.
- Starfsmenn Capacent sinntu úthringinum og skiptu með sér aldursbilum.
- Hringingar fóru fram frá fimmtudegi til mánudags, dagana fyrir rýnifundinn.

## **Framkvæmd og þátttakendur**

Alls tóku 24 íbúar Kópavogs á aldrinum 18-75 ára þátt í störfum rýnifundarins, 12 karlar og 12 konur (sjá töflu). Samsetning þátttakenda endurspegladi vel dreifingu íbúa í póstnúmerum (200, 201, 203).

Aldur	Karlar	Konur	Alls
18-24	2	3	5
25-34		2	2
35-49	3	1	4
50-66	4	3	7
67-75	3	3	6
<b>Alls</b>	<b>12</b>	<b>12</b>	<b>24</b>

Íbúarnir tóku þátt í eftirfarandi dagskrá (sjá viðauka 3):

- Kynning á viðfangsefnum rýnifundarins
- Fulltrúi Mannvits kynnti þá tvo valkosti sem voru til umræðu skv. tillögum hóps bæjarfulltrúa, þ.e. að byggja upp á Fannborgarreitnum eða flytja starfsemina annað.
- Fulltrúi Capacent kynnti niðurstöður þess hluta stjórnýsluúttekta sem fjallar um húsnæði bæjarskrifstofanna og SVÓT-greiningu á stöðu húsnæðismála stjórnýslunnar.
- Fulltrúi Mannvits kynnti sýn skipulagsfræðings á Fannborgarsvæðið.
- Boðið var upp á fyrirspurnir í lok erinda.
- Stutt skoðun á húsnæðinu Fannborg 2, undir leiðsögn húsvarðar
- Þátttakendum skipt í 3 hópa sem hver um sig tóku þátt í umræðu um valkostina undir stjórn ráðgjafa Capacent byggt á handriti og gátlista (sjá viðauka 1 og 2).
- Fulltrúar Mannvits gengu á milli hópanna og svöruðu spurningum eftir þörfum.

## **Helstu kostir við að flytja skrifstofur**

- *Ástand húsnæðis óviðunandi. Ekki hægt að bjóða starfsfólki upp á aðbúnað. „Ég gæti ekki hugsað mér að vinna hér“.*
- *Þjónusta myndi eflast við að vera sameinuð á einum stað.*
- *Aðgengi fyrir fatlaða yrði í lagi.*
- *Minni umsýsla og ein móttaka. Hugsanleg hagræðing.*
- *Jákvæð áhrif á starfsfólk að flytja.*
- *Bætt starfsemi, aukin skilvirkni.*
- *„Tekur hálfan daginn að komast hingað“*
- *Smáratorgssvæðið mun heppilegra fyrir íbúa í nýrri hverfum. Þar er miðjan í dag.*
- *Ímyndarleg lyftistöng fyrir bæjarfélagið.*
- *Fannborg ekki miðsvæðis fyrir flesta íbúa. Erfitt að finna. Erfitt að fá bílastæði.*
- *Flutningar gætu opnað möguleika á að styrkja Hamraborgarsvæðið og mynda loks miðborgarkjarna fyrir Kópavog.*
- *Hamraborg í dag er deyjandi miðborg.*
- *Mikið raskt tengt endurbyggingu húsa Fannborgarsvæðisins. „Hvað á að gera við fólkið á meðan“.*
- *Þegar hugsað er áratugi fram í tímann er skynsamlegast að flytja.*

## **Helstu kostir við að vera áfram í Fannborg**

- *Hamraborg að mörgu leyti góð staðsetning. Þarna er hjarta Kópavogs og þungamiðja. Kirkjan og menningarhúsin.*
- *Samgöngur ekki verri fyrir Fannborgarsvæðið ekki síst almenningssamgöngur.*
- *Flutningar væru eins og að fara með Alþingi í Kringluna til að fá bílastæði. Skortur á bílastæðum er bara úrlausnarefni.*
- *Betra fyrir fólk í eldri hverfum bæjarins.*
- *Mikið af eldra fólki á Fannborgarsvæðinu sem sækir þjónustu.*
- *Öruggari kostur að flytja en Fannborgin gæti verið spennandi kostur áfram að því gefnu að metnaður sé í uppbyggingu og endurgerð húsanna.*
- *Kaupa mætti endann á Fannborg, byggja við Fannborg 6, bæta við hæðum og tengja byggingar saman.*
- *Kynning á kostunum mötun á jákvæðum kostum. „Erum við komin hingað til að samþykkja það?“*
- *Aðstaða í húsnæði bæjarins víða ekkert verri og þar með aðbúnaður. T.d. í grunnskólum.*

## **Spurningar sem menn töldu ósvarað og gætu haft áhrif á afstöðu**

- *Sparnaður við flutninga vegur þungt en hins vegar komu ítrekað fram áhyggjur af því hvort hægt væri að treysta tölum í ljósi þess að opinberar framkvæmdir fara iðulega fram úr áætlunum. Þessar efasemdir komu fram bæði um áætlanir um flutning og endurgerð núverandi húsnæðis.*
- *Hver yrðu áhrifin af ólíkum kostum á skuldsetningu sveitarfélagsins og þar með þætti eins og útsvar.*
- *Skortir upplýsingar um hvaða kostir eru til staðar varðandi uppbyggingu og endurgerð á núverandi svæði.*
- *Fengum bara að sjá eitt hús af þremur. Hvernig er ástandið í hinum?*
- *Skynsamlegt að flytja skrifstofurnar en efasemdir um Smárasvæðið. Eru ekki aðrir kostir?*

## **Samandregnar niðurstöður**

Áberandi meirihluti þeirra sem tók þátt taldi það vera skynsamlegri kost að flytja úr núverandi húsnæði.

Margir sem komust að þeirri niðurstöðu sögðust hafa verið óákveðnir eða ekki haft skoðun á málinu áður en að þeir fengu kynningu á málinu og kynntust ástandi húsnæðis.

Algengustu rökin fyrir flutningum voru:

- Minni kostnaður
- Aukin skilvirkni
- Betra aðgengi
- Þægilegri staðsetning
- Tækifæri til uppbyggingar í Hamraborg

Þeir sem voru andsnúnir flutningum höfðu allir myndað sér skoðun áður en þeir komu og hafði kynning og skoðunarferð ekki áhrif á afstöðu nema í einu tilviki .

Andsnúnir flutningur voru ákveðnari í sínum skoðunum en flestir þeir sem sögðust hlynntir flutningum.

Algengustu rökin fyrir því að vera áfram í Fannborg voru:

- Staðsetning er góð
- Ýmis tækifæri felast í endurbótum
- Aðgengi og bílastæðamál eru leysanleg
- Óvissa um kostnað

## **Viðauki 1**

### **Spurningar sem lagðar voru fyrir þátttakendur í störfum rýnifundar**

*Spurning 1: Í ljósi þeirra upplýsinga sem þú hefur nú fengið – hver telur þú að sé besta niðurstaðan fyrir Kópavog, m.t.t. til áhrifa á þjónustu við íbúa, húsnæðiskostnað og starfsfólk? Áhersla lögð á fyrstu mynd án þess að ræða hvers vegna viðkomandi er þeirrar skoðunar.*

*Byrja umræðuna fundarstjóra á vinstri hönd. Fara hringinn einu sinni.*

*Spurning 2: Afhverju finnst þér það (eða hvað fær þig til að vera á þessari skoðun)? Fólk verður beðið um að svara þessu í ljósi þess sem viðkomandi setti fram sem svör við spurningu 1, hvers vegna er þetta þín afstaða, hver eru rök þess?*

*Byrja umræðuna andspænis fundarstjóra og svo til vinstri frá þeim aðila (öfugt við fyrri hring). Fara hringinn einu sinni.*

*Spurning 3: Nú erum við búin að heyra hvað öllum finnst og hvers vegna þeim finnst það. „Vilt þú setja fram sjónarmið til viðbótar um kosti og galla ólíkra valkosta?“*

*Hefur í ljósi umræðunnar eitthvað breyst að þínu mati, þ.e. hefur þú skipt um eða breytt þinni skoðun á einstökum þáttum þeirra valkosta sem nú liggja fyrir?“*

*Byrja umræðuna fundarstjóra á hægir hönd. Fara hringinn einu sinni.*

## Viðauki 2

### Gátlisti ráðgjafa

Lýsing á helstu atriðum við framkvæmd rýnifundarins.

- Bendum á að áætlað er að ljúka fundi ekki seinna en klukkan 18:00
- Leggjum áherslu á að þátttakendur forðist málalengingar og virði rými og skoðanir hvers þátttakenda.
- Minna þátttakendur á að við séum að safna hugmyndum þeirra og skoðunum, en tímans vegna biðjum við þau um að forðast málalengingar.
- Nefna, að tímans vegna, verði stjórnandi hugsanlega að biðja fólk að stytta mál sitt.
- Minna þátttakendur á að grípa ekki fram í hvort fyrir öðru og virða ólíkar skoðanir.
- Við biðjum fólk að taka eftir því sem aðrir segja þar sem við munum vísa til þess á eftir.
- Það eru engin rétt eða röng svör og frekar að kanna hvaða sjónarmið eru uppi.
- Við viljum biðja fólk að virða trúnað og vitna ekki í aðra í hópnum með nafni eða þannig að hægt sé að þekkja viðkomandi.
- Farinn verður einn hringur um hverja spurningu.
- Ef fólk segist ekki hafa skoðun á málinu – spyrja þá „Ertu alveg viss um að það sé ekkert“. Ef fólk segir „Ég vil ekki tjá mig“ (eða þessháttar) segja þá „OK“ og halda áfram.

**Viðauki 3**

16:10 -16:15 Opnun

16:16 – 16:30 Mannvit kynnr valkostina tvo

**Dagskrá rýnifundar**

16:32 – 16:40 Capacent kynnr þann hluta niðurstaðna Capacent sem varða húsnæðismál stjórnslunnar.

16:41 – 16:55 Mannvit kynnr sýn skipulagsfræðings á þróunarsvæði í byggð og fjallar með almennum hætti um Fannborgarreitinn.

16:55 – 17:15 Stutt skoðun á 4. hæð áður en hóparnir setjast að í sínum herbergjum víðsvegar í Fannborg 2. Leitt af húsverði.

17:16 – 18:15 Vinna við rýni á sér stað.